

**MILLISAFNALÁN**  
**LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS - HÁSKÓLABÓKASAFN**

Arngrímögötu 3

107 Reykjavík

netfang: [millisafnalan@landsbokasafn.is](mailto:millisafnalan@landsbokasafn.is)

Starfsmenn millisafnalána eru:

Erlendur Már Antonsson [erlendur@landsbokasafn.is](mailto:erlendur@landsbokasafn.is)

sími 525-5732

Jóhann Heiðar Árnason [johann@landsbokasafn.is](mailto:johann@landsbokasafn.is)

sími 525-5730



Hægt er að panta bækur og tímaritsgreinar sem ekki eru til á safninu frá öðrum bókasöfnum, innlendum og erlendum. Eina skilyrðið er að eiga gilt bókasafnsskírteini hjá safninu.

Notendum er bent á að athuga vel hvort bók eða grein er til áður en pöntun er gerð. Það er gert með leit á [www.leitir.is](http://www.leitir.is) eða *Finna tímarit* á [www.landsbokasafn.is](http://www.landsbokasafn.is).

### **Að panta efni frá innlendu bókasafni.**

Til að panta efni frá innlendu safni sem finnst við leit á [leitir.is](http://leitir.is) er nauðsynlegt að skrá sig inn með notendanafni og lykilorði sem fylgir bókasafnsskírteini. Hægt er að fá upplýsingar um aðgangsorð með því senda póst á [utlan@landsbokasafn.is](mailto:utlan@landsbokasafn.is)

Eftir innskráningu er efnið fundið og smellt á **Staðsetning & frátektir**. Þá er smellt á **Millisafnlán** og undir **Frátektarmöguleikar** aftur á **Millisafnalán**. Tegund efnis valin og loks smellt á **Áfram**.

### **Að panta efni frá erlendu bókasafni.**

Ef efni finnst ekki á [leitir.is](http://leitir.is) er hægt að panta millisafnalán frá erlendu safni með því að smella á **Millisafnalán** á forsíðu [leitir.is](http://leitir.is) Þetta krefst ekki innskráningar.

Þá opnast eyðublað sem fylla þarf út. Alla stjórnumerkta reiti þarf að fylla út.

- Veljið **Bók** eða **Grein** eftir því sem við á.
- Athugið að skrifa kennitölu í einni runu, ekki setja bandstrik á milli.
- Athugið að velja Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn úr flettlugganum **Bókasöfn**.

Smellið á **Panta** og þá birtast skilaboðin **Beiðni hefur verið send**.

Ef panta á fleiri bækur/greinar er ferlið endurtekið.

Skipti útgáfa bókar máli þarf að tilgreina útgáfunúmer.

*Séu upplýsingar ófullnægjandi má búast við töfum á afgreiðslu.*

#### **Vinsamlegast athugið**

- Ekki er tekið við millisafnalánapöntunum í síma.
- Beiðni um millisafnalán er bindandi og gegn gjaldi. Það á líka við um ósótt efni.

### **Efni sem erfitt er að nálgast**

Yfirleitt er ekki hægt að fá heil tímaritahefti í millisafnaláni, aðeins einstakar greinar. Fylla þarf út beiðni fyrir hverja grein.

Yfirleitt er ekki hægt að panta tón- og myndefni í millisafnaláni.

Eldri bækur getur verið erfitt að fá í millisafnaláni og eru þá stundum eingöngu lánaðar til afnota á lestrarsal.

### **Hvað þarf að biða lengi eftir millisafnaláni?**

- **Greinar** eru yfirleitt 2-5 daga að berast. Starfsmenn HÍ fá greinar sendar með innanhússpósti sem getur lengt biðtímann.
- **Bækur**. Frá innlendu safni 1 vika. Frá erlendum söfnum 2-4 vikur að meðaltali. Ávallt er reynt að fá rit sem fljótast í pósti.
- **Bækur** eru afhentar í þjónustuborði á 2. hæð.

### **Hvernig veit ég hvenær efni berst?**

Þú færð tölvupóst um leið og efni berst til safnsins. Starfsfólk sendir tilkynningu á það netfang sem skráð er á [leitir.is](http://leitir.is)

### **Er hægt að fá láni framlengt?**

Dugi lánstími ekki má biðja um endurnýjun. Það þarf að gera áður en lánstími rennur út. Sendið póst á [millisafnalan@landsbokasafn.is](mailto:millisafnalan@landsbokasafn.is)

### **Hvað kosta millisafnalán?\***

#### **Tímaritsgreinar:**

1-20 síður kr. 1.200,-  
21+ síður kr. 2.400,-

#### **Bækur:**

Frá innlendu safni kr. 1.200,-  
Frá Norrænu safni kr. 2.400,-  
Frá öðrum söfnum kr. 3.600,-

\*Nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands fær 50% afslátt af gjaldskrá samkv. samningi.

#### **Glötuð rit**

Glatist rit hjá lánþega fer gjaldið eftir bótakröfu þess safns sem á bókina. Það er þó aldrei lægra en 8.000 krónur.